

Nd.

612. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (FrS, SV, StG, EH).

1. Við 6. gr. Í stað 4. og 5. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt.
2. Við 97. gr. Greinin orðist svo:
Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum.
3. Á eftir 98. gr. komi ný grein er orðist svo:
Sé sveitarfélögum ætluð í lögum verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu mynduð byggðasamlög um framkvæmd þeirra, skv. þó 4. mgr. 6. gr.
Ákvæði þessa kafla gilda um byggðasamlög skv. fyrri mgr. þessarar greinar með þeim frávikum sem kunna að felast í öðrum lögum.
4. Við 106. gr. Í stað orðsins „landshlutasamtaka“ í 1 mgr. komi: héraðsnefndar.
5. Við 116. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
Óski héraðsnefnd eftir er umboðsmaður ríkisins skyldur að annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina enda sé kostnaður greiddur af héraðsnefnd.
6. Á undan ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, I, er orðist svo:
Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1987.
Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur um þessi efni.